

Alþingi
Nefndasvið
150 Reykjavík

Reykjavík, 19.3.2021
Tilvísun: 202103-0060/0.03.02

Efni: Umsögn Vinnueftirlitsins um frumvarp til laga um almenn hegningarlög (mansal), 550. mál

Vísað er til beiðni nefndasviðs um umsögn Vinnueftirlitsins vegna 550. máls, frumvarps til laga um breytingu á 227. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, um mansal.

Vinnueftirlitið fagnar frumvarpinu og þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru á 1. mgr. 227. gr. a. almennra hegningarlaga og telur að þær verði til bóta í málafloknum. Vinnueftirlitið telur mikilvægt að uppræta mansal á íslenskum vinnumarkaði og hefur stofnunin hug á að taka þátt í þeirri vegferð með vitundarvakningu, fræðslu og þeim leiðum sem Vinnueftirlitinu er fært að leggja hönd á plóg, í samræmi við hlutverk þess.

Vinnueftirlitið telur þó vert að benda á að til þess að hægt sé að vinna enn markvissar að því markmiði að uppræta vinnumansal væri gagnlegt að skilgreina það betur en nú er gert.

Ekki er gerð athugasemd við það að refsíákvæðið verði áfram eitt heildstætt og almennt ákvæði um mansal en Vinnueftirlitið vill benda á mikilvægi þess að slíkt ákvæði taki skýrlega til allra þeirra þátta sem átt gætu við, þ.m.t. allra þátta vinnumansals.

Í greinargerð frumvarpsins, á bls. 9, er hugtakið vinnumansal skilgreint og segir þar:

„Vinumansal nær yfir nauðungarvinnu, þrælkun, þrældóm eða *aðra misnotkun á vinnuafli* að uppfylltum skilyrðum 1. mgr. 227. gr. a.“

Samkvæmt 1. málsl. 1. mgr. 227. gr. a. frumvarpsins er skýrlega kveðið á um nauðungarvinnu, þrælkun og þrældóm. Hins vegar kemur orðalagið „*önnur misnotkun á vinnuafli*“ ekki fyrir í orðalagi ákvæðisins sjálfs. Skilgreining á hugtakinu „*vinnumansal*“ gengur þannig lengra í skýringu ákvæðisins í greinargerð heldur en í ákvæðinu sjálfu í frumvarpinu.

Vinnueftirlitið telur æskilegt að hugtakið vinnumansal í refsíákvæði frumvarpsins sé skýrlega skilgreint og samræmi sé milli orðalags ákvæðisins og skýringa þess í greinargerð með frumvarpinu. Vinnueftirlitið leggur því til að þetta samræmi verði tryggt og að orðalagið „*önnur misnotkun á vinnuafli*“ hljóti skýrar stöð í ákvæðinu og verði betur skilgreint í skýringu þess.

Að mati Vinnueftirlitsins er einnig vert að skoða hvort vinna við bersýnilega ósættanlegar vinnuáðstæður sem m.a. ógna heilsu og öryggi þolanda falli þar undir, að því gefnu að það sé gert í hagnaðarskygni og að öðrum skilyrðum ákvæðisins sé uppfyllt. Má í þessu samhengi benda á sem dæmi ákvæði 1b í 4. kafla sænsku hegningarlaganna, þar sem segir að „människo-exploatering“ (e. human exploitation), en þar segir að „arbete under uppenbart orimliga villkor“ (e. labour under clearly unreasonable conditions) eða vinna við bersýnilega ósættanlegar áðstæður teljist sem hagnaðartilgangur, að því gefnu að önnur skilyrði ákvæðisins séu uppfyllt.

Að öðru leyti gerir Vinnueftirlitið ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,
Vinnueftirlitið